



## 144 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 20 mars 2019 kl.10.00 í ráðhúsinu í Stykkishólmi.

Mætt voru; Eggert Kjartansson, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Lilja B. Ágústsdóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson og Björn Hilmarsson. Davíð Sigurðsson sat fundinn í forföllum Guðveigar Eyglóardóttur.

Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

### 1. Framlögð fundargerð frá 143 fundi stjórnar SSV.

Formaður lagði fram fundargerð frá 143 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Almenningsamgöngur.

Lögð fram fundargerð frá aðalfundi NVB ehf. sem fór fram 15 mars 2019. Jafnframt var lagður fram ársreikningur fyrir NVB ehf. 2018. Loks var lagt fram samkomulag til staðfestingar á skiptingu ábyrgðar eigenda NVB ehf. á rekstrartapi ársins 2018 sem var 11,4 m.kr. Fyrir liggur að Vegagerðin mun bæta landshlutasamtökunum tap ársins 2018. Rætt var um fyrirhugaðar breytingar á skipulagi almenningsamgangna á landsbyggðinni og hvernig landshlutasamtökin geti byggt um samstarf sitt vegna þessa verkefnis. Framkvæmdastjóra falið að vinna að þessu verkefni í samstarfi við önnur landshlutasamtök

### 3. Ný Sóknaráætlun Vesturlands

Lagður fram samningur við Capasent um vinnu við gerð nýrrar Sóknaráætlunar Vesturlands. Stjórn staðfesti samninginn. Jafnframt var lagt fram yfirlit um áhersluverkefni sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árið 2019 sem hlotið hafa samþykki stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál.

### 4. Framtíð atvinnulífs á Vesturlandi

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála varðandi mögulega vinnu KPMG við sviðsmyndagreiningu um framtíð atvinnulífs á Vesturlandi sem og fjármögnun verkefnisins. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að verkefninu.

### 5. Samgöngumál

Lagt fram minnisblað frá fundi fulltrúa SSV með borgarstjóra og forseta borgarstjórnar um Sundabraut og Vesturlandsveg á Kjalarnesi. Í minnisblaðinu kom fram að vinnuhópur hefur verið starfandi á vegum Vegagerðarinnar, SSH og Reykjavíkurborgar sem hefur það að

markmiði að fara yfir valkosti varðandi staðsetningu og gerð Sundabrautar og skilgreina frekar þá valkosti sem hópurinn telur að helst komi til greina. SSV mun eiga annan fund með fulltrúum Reykjavíkurborgar þegar vinnuhópurinn hefur skilað niðurstöðu.

## **6. Vesturlandsstofa**

Lagt fram minnisblað frá stjórn Vesturlandsstofu um ráðningu forstöðumanns. Rósa Gréta Ívarsdóttir núverandi forstöðukona mun láta af störfum 30 apríl n.k. Stjórn Vesturlandsstofu hefur ákveðið að ráða Margréti Björk Björnsdóttir atvinnuráðgjafa og verkefnisstjóra Áfangastaðaáætlunar Vesturlands tímabundið í eitt ár í starf forstöðumanns Vesturlandsstofu. Stjórn SSV samþykkti að veita Margréti Björk leyfi í eitt ár frá starfi atvinnuráðgjafa. Stjórn veitti framkvæmdastjóra heimild til að ráða í tímabundið hlutastarf atvinnuráðgjafa á meðan Margrét Björk er í leyfi.

## **7. Uppbyggingarsjóður Vesturlands**

Framkvæmdastjóri kynnti yfirlit yfir styrki sem veittir verða úr Uppbyggingarsjóð Vesturlands, en úthlutunarhátíðin mun fara fram 22 mars n.k. í Klifi í Ólafsvík. Auk þess var fundargerð frá fundi úthlutunarnefndar uppbyggingarsjóðs lögð fram til kynningar.

## **8. Fræðsluferð**

Lögð fram dagskrá og yfirlit yfir þátttakendur í fræðsluferð sveitarstjórnarmanna af Vesturlandi til Danmerkur dagana 23 til 26 apríl n.k.

## **9. Umsagnir um Velferðarstefnu Vesturlands**

Lagt fram yfirlit yfir umsagnir sveitarfélaga og annarra haghafa um Velferðarstefnu Vesturlands. Stjórn samþykkti að fela vinnuhópi um Velferðarstefnu Vesturlands að fara yfir fram komnar umsagnir og leggja síðan fram endurskoðaða velferðarstefnu fyrir stjórn SSV.

## **10. Aðalfundur SSV**

Lögð fram dagskrá fyrir aðalfund SSV sem fer fram á Hótel Hamri í Borgarnesi miðvikudaginn 3 apríl n.k. Stjórn gerði ekki athugasemdir við fram komna dagskrá.

## **11. Ársreikningur SSV 2018**

Lagður fram ársreikningur SSV fyrir árið 2018. Framkvæmdastjóri fór yfir tekju- og rekstrarliði. Í ársreikningi kemur fram að heildartekjur eru kr. 127.865.927 kr. Rekstrargjöld eru 117.032.734 kr. Fjármagnstekjur 538.081. Áhrif af rekstrartapi hlutdeildarfélagans NVB ehf. 5.680.215 kr. Hagnaður ársins 5.691.089 kr. Stjórn samþykkti ársreikninginn og vísaði honum til afgreiðslu aðalfundar. Þá var lagt fram bréf endurskoðanda til stjórnar KPMG. Farið var yfir þær ábendingar sem fram koma í bréfinu um það sem betur má fara í fjármálaumsýslu SSV. Framkvæmdastjóra falið að vinna úr ábendingum ásamt starfsfólki SSV.

## **12. Málefni fatlaðra**

Lagður fram ársreikningur fyrir Þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra 2018. Framkvæmdastjóri fór yfir tekju- og rekstrarliði. Í ársreikningi kemur fram að heildartekjur eru 973.747.565 kr. Rekstrargjöld eru 973.431.608 kr. Fjármagnstekjur 163.146. Hagnaður ársins

479.103 kr. Stjórn samþykkti ársreikninginn og vísaði honum til afgreiðslu aðalfundar. Stjórn staðfesti einnig skiptingu tekna á milli félagsþjónustuvæða á Vesturlandi, en áður hafði tillaga að skiptingu verið samþykkt af stjórnarmönnum í tölvupósti. Loks var lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir þjónustuvæðið árið 2019 og var samþykkt að óska umsagnar þjónusturáðs um tillöguna.

### 13. Landbúnaðarmál

Kynning á skýrslu sem Vífill Karlsson hagfræðingur hjá SSV vann fyrir landshlutasamtök og atvinnuþróunarfélög um stöðu landbúnaðar. Þá var rætt um stöðu landbúnaðar og ný framkomid frumvarp um m.a. innflutning á kjöti. Stjórn SSV samþykkti eftirfarandi ályktun:

*Tímamót eru að verða í umhverfi landbúnaðar með tilkomu aukins innflutnings á kjöti til landsins, ef tekið er mið af frumvarpi landbúnaðarráðherra um innflutning á ófrystu kjöti. Vesturland er landbúnaðarhérað og því er umhverfi landbúnaðar afar mikilvægt fyrir svæðið. Einnig þarf að hafa í huga að landbúnaðar hefur líka mikil áhrif á vöxt og viðgang annarra atvinnugreina s.s. ferðaþjónustu.*

*Ef frumvarp landbúnaðarráðherra verður að lögum leggur stjórn SSV áherslu á eftirfarandi.*

- *Ráðuneytið tryggji með reglum og eftirfylgni að landbúnaðarvörur verði merktar upprunalandi með tryggjum hætti þannig að neytendur verði meðvitaðir um í hvaða landi varan er upprunalega framleidd.*
- *Að gerðar verði sömu kröfur og gilda við framleiðslu innlendra landbúnaðarvara og þeirrar innfluttu, t.d. varðandi aðbúnað og lyfjagjöf.*
- *Í dag er það þannig að söluaðilar á landbúnaðarvörum verða að taka til baka vörur í gegnum skilaskyldu. Mikilvægt er að sömu reglur gildi um innlendar sem erlendar landbúnaðarvörur í þessum efnum.*
- *Afar mikilvægt er að halda við þeim varnarlinum sem til staðar eru þannig að hægt verði að vernda ákveðin svæði ef upp koma sjúkdómar sem tengjast innflutningi á kjöti.*

*Mikil umræða er um að með auknum innflutningi á landbúnaðarvörum og þá helst ófrosnu kjöti aukist líkurnar á að sjúkdómar sem herja á erlenda bústofna berist til landsins. Því er afar mikilvægt að lögð verði fram sú tölfræði og þær greiningar sem unnar hafa verið um möguleg áhrif innfluttar vöru á íslenska landbúnaðarvöru.*

*Stjórn vill áréttta ánægju sína með gæði íslenskra landbúnaðarvara og hefur fulla trú á þeim í samkeppni. Mikilvægt er hins vegar að stjórnvöld tryggji að samkeppnin verði á jafnréttisgrundvelli og að neytendum standi áfram til boða gæða landbúnaðarvörur hvaðan úr heiminum sem þær koma.*

### 14. Kosning í stjórnir

SSV hefur borist erindi frá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Starfsendurhæfingu Vesturlands þar sem skipa þarf í stjórnir þessara stofnana á aðalfundi þeirra 3. apríl n.k. Stjórn samþykkti að tilnefna Lilju B. Ágústsdóttir í stjórn Símenntunarmiðstöð Vesturlands og þau Svölu Hreinsdóttur, Björn Hilmarsson og Þorkel Cýrusson sem fulltrúa í stjórn Starfsendurhæfingar Vesturlands. Framkvæmdastjóra var síðan falið að ganga frá tilnefningu á varamönnum SSV í stjórn þessara stofnanna.

### **15. Erindi frá N4**

Lagt fram erindi frá sjónvarpsstöðinni N4 þar sem óskað er eftir stuðningi SSV og sveitarfélaganna á Vesturlandi við gerð sjónvarpsþáttanna „Að vestan“. Stjórn SSV er ekki reiðubúin til þess að samþykkja erindið og lítur svo á að þetta erindi eigi frekar heima hjá sveitarfélögunum á Vesturlandi líkt og verið hefur

### **16. Framlögð mál**

- a. Árni Hjörleifsson fór yfir og lagði fram gögn sem tengjast umræðu um tilkynningarskyldu sveitarfélaga til evrópskra eftirlitsstofnanna, en mikil umræða hefur verið um þetta á vettvangi sveitarstjórnarstigsins í Noregi. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að óska upplýsinga frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um málið.

Fundi slitið kl.12.55